# Bjarni Sæmundsson

Bjarni Benediktsson – Bjarni Sæmundsson – öskuhrinsun

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Próf. Bjarni Benediktsson

Laugaveg 66

Af gefnu tilefni leifi ég mér hér með að skrifa yður nokkrar línur, til þess að vekja máls á því sem ég nefndi við yður í vetur og það var þess efnis. hvort þér mundið vilja hjálpa mér til þess að komast í öskuhreinsunina í vor ef um breitingar er að ræða þar á mönnum, sem mér hefir skilist að ætti sér stað í þeim vinnuflokk, ég get skilið það vel að þér getið ekki núna sagt mér þettað með vissu núna, en ég veit það aftur ef þér viljið hjálpa mér að það er mér nó, ég segi yður það hreinskilslega að þér eruð eini maðurinn sem ég treisti til þess að gjöra þettað fyrir mig, jafnframt er ég tilbúinn að greiða fyrir það í hverju sem væri og mér er kleift að gjöra, ég sæki þettað mjög fast því mér leiðist að geta ekki fengið fasta vinnu ég treisti yður til als hins besta í þessu og vona að þér mis-virðið þettað ekki við mig, ég er líka

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reydubiiin til þess að vera sanngjarn á mitt kaup. ég hef altaf lytið svo á að það væri ekki aðal atriðið að strekkja kaupið hátt heldur það að það væri sanngjarnt fyrir báða aðilja. þettað er mín skoðun í þessu máli. ég hefði lyka gjarnan viljað óska þess að ég hefði þá aðstöðu til þess að kinnast yður meira. og það vona ég að verði. en ég veit að þér hafið mikið að gjöra og um mart að hugsa og þess vegna ekki rjett hjá mér að gjöra yður mikkla truflun eða meiri en þörf krefur. það væri ákjósanlegast fyrir mig ef þér gætuð sagt mér eitthvað um þettað. ég mun ekki láta það uppi við neina sem okkur fer á milli í þessu atriði. en það getur varðað mig mikklu hvort ég fæ þessa vinnu hjá Bænum Ég bið yður að fyrirgefa mér þótt ég skrifi þettað brjef til yðar en það skapast af því að ég á svo erfitt með að ná yður í síma. Virðingarfilst

Reykjavík 15/3-39 Bjarni Sæmundsson Grettisgt 17 B

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur